



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

Gagnkvæm virðing

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- *Gagnkvæm virðing*
- *Skólafærni*
- *Skólaslit*
- *Bekkjaskiptingar*
- *Comeniusarfréttir*
- *Tóbakslaus bekkur*
- *Ljóð unga fólksins*
- *Myndavélar*
- *5. bekkur á Þjóðminjasafni*
- *Innritun í framhaldsskóla*

GOÐI segir:



Samskipti allra í skólanum eiga að einkennast af gagnkvæmri virðingu.

Kæru lesendur

Gott samstarf heimila og skóla er mikilvægt góðu skólastarfi. Með góðu samstarfi og góðu upplýsingastreymi höldum við áfram að byggja upp virðingu fyrir sjónarmiðum foreldra og sjónarmiðum skólafólksmanna.

Eitt lykilatriðið við að byggja upp gagnkvæma virðingu er þegar báðir aðilar skilja sjónarmið hins aðilans. Skólinn skilji sjónarmið foreldra, foreldrar skilji sjónarmið skólans. Foreldrar beina nánast undantekningalaust athygli sinni að sínu barni, meðan kennarar sjá barnið líka sem hluta af heild t.d. bekkjareiningu.

Væntingar foreldra og skólafólksmanna þurfa að vera skýrar. Það auðveldar ef samskiptaleiðir eru opnar og samskiptaaðferðir virtar. Það er sannarlega verk beggja aðila að byggja upp jákvæð, traustvekjandi og markviss samskipti.

Foreldrar eiga rétt á að vita hvað fer fram í kennslustofu barnsins þeirra og af hverju. Skólafólk sem bera virðingu fyrir jákvæðum samskiptum heimilis og skóla gefa foreldrum færi á að spyrja spurninga og útskýra fyrir þeim hvernig hlutir eru unnir og af hverju.

Það skiptir líka máli hvernig samskiptin byrja og hvar þau fara fram. Samskipti foreldra og skólans eiga auðvitað að eiga sér stað í skólanum en t.a.m. ekki að fara fram í stórmarkaði eða fatabúð. Báðir aðilar verða líka að átta sig á því að aðstæður þurfa að vera heppilegar því fyrstu samskipti við

úrlausn mála eru mikilvæg. Öll getum við verið illa fyrirkölluð og því er stundum betra að ná að anda rólega áður en málefni eru rædd. Jafnvel þó manni sé heitt í hamsi yfir tilteknu atviki þá eru alltaf tvær hliðar á öllum málum og foreldrar sem og starfsmenn skóla eiga að fá tækifæri til að ígrunda sjónarmið hins aðilans. Þannig verða kennarar að bera virðingu fyrir tilfinningum foreldra hvað varðar málefni þeirra barns og sú virðing verður auðvitað að vera gagnkvæm.

Best er að hafa samband við skólann hið fyrsta ef upp koma atvik sem skólinn þarf að hjálpa til við að leysa. Það er ekki vænlegt til árangurs og skjótra úrlausna að ræða málið við marga aðila áður en samband er haft við skólann.

Ef foreldrar eru ánægðir með skólafólkið, upplifa jákvæða þætti og góð vinnubrögð eiga þeir að tala um það hvar sem þeir koma. Ef kennarar upplifa jákvæð foreldrasamskipti eiga þeir líka að láta viðkomandi foreldra vita af því með hrósi og hvatningu.

Það er okkar lán að samstarf heimila og Áslandsskóla hefur í gegnum tíðina verið prýðilegt. Um það þarf að standa vörð og allir að leggjast á eitt um að samskipti allra einkennist af gagnkvæmri virðingu.

Með vinsemd og virðingu

Leifur S. Garðarsson, skólastjóri

SKÓLAFÆRNI

Í því skyni að leggja grunn að góðri samvinnu og ánægjulegu tíu ára samstarfi heimila og skóla standa foreldrafélag og starfsfólk Áslandsskóla árlega fyrir námskeiði fyrir foreldra og forráðamenn barna sem hefja nám í 1. bekk að hausti.

Námskeiðið kallast SKÓLAFÆRNI og er foreldrum og forráðamönnum að kostnaðarlausu.

Fyrri hluti námskeiðsins fyrir foreldra barna sem hefja nám í Áslandsskóla í haust verður haldinn **Þriðjudaginn 28. maí** og síðari hluti námskeiðsins verður haldinn **Þriðjudaginn 10. september**. Námskeiðið hefst klukkan 18:00 báða dagana og lýkur stundvíslega klukkan 21:00. Boðið verður upp á léttan málsverð bæði kvöldin.

Dagskrá námskeiðsins er fjölbreytt og í höndum margra, bæði starfsmanna skólans, fulltrúa foreldra og gestafyrirlesara. Gert er ráð fyrir þátttöku beggja foreldra eða forráðamanna á námskeiðinu. Ömmur og afar, frænkur og frændur eða aðrir þeir sem standa barninu nálægt eru einnig boðin velkomin.

MYNDAVÉLAR

Allt frá upphafi hafa verið myndavélar á ýmsum svæðum innan skólahúsnaðisins.

Þessa dagana er verið að uppfæra kerfið, t.a.m. koma fyrir möguleikum á upptöku svo hægt sé að skoða ákveðin svæði aftur ef eitthvað kemur upp sem vert er að skoða betur.

Kerfið uppfyllir öll skilyrði persónuverndar.

Þegar kerfið var sett upp var ekki gert ráð fyrir vélum á skólalóð. Allir eru sammála um að gott væri að hafa vélar utanhúss líka en af því hlýst töluverður kostnaður og því óvíst hvenær sá möguleiki verður fyrir hendi.

TÓBAKSLAUS BEKKUR

Nemendur í 7. – 8. bekk tóku þátt í keppninni Tóbakslaus bekkur sem landlæknisembættið stendur fyrir.

Í ár tóku 250 bekkir víðsvegar um landið þátt, þeir staðfestu fimm sinnum yfir árið að þeir væru reyklausir og skiluðu inn lokaverkefni með forvarnargildi. Tíu bekkir hljóta verðlaun fyrir lokaverkefnið sitt og í ár fékk 8. ÁMH **Flókaheimar** verðlaun fyrir stuttmynd sem bekkurinn vann saman að og sendi inn.



SKÓLASLIT 2013

Tímasetningar á skólaslitum mánudaginn 10. júní verða sem hér segir:

Nemendur í 1.-4. bekk kl. 9.00

Nemendur í 5.-7. bekk kl. 10.00

Nemendur í 8.-9. bekk kl. 10.30

Nemendur í 10. bekk kl. 12.00 (nemendur mæta 11.30)

Í öllum árgöngum mæta nemendur í heimastofu og ganga þaðan í sal skólans.

Umsjónarkennarar veita bréflega/rafrænt nánari upplýsingar.

BEKKJASKIPTINGAR

Ákveðið hefur verið að nemendur í verðandi 3. bekk verði í tveimur bekkjum í stað þriggja.

Ákveðið hefur verið að nemendur í verðandi 5. bekk verði í þremur bekkjum í stað tveggja.

Ákveðið hefur verið að nemendur í verðandi 8. bekk verði skipt upp með hefðbundnum hætti.

Nemendur fóru á dögnum heim með valblöð og er valferli í gangi. Röðun í þessar bekkjardeildir klárast síðan á vo-/sumardögum.

COMENIUSARFRÉTTIR

Nemendur í 1. bekk unnu söguramma um fugla í tengslum við Comeniusarverkefnið, Earthly Creaturess. Það hófst með því að nýr nemandi kom í bekkinn og hann hafði mikinn áhuga á fuglum. Nemendur kynntust þeim fuglum sem eru í nágrenni okkar og unnu ýmiskonar verkefni tengd þeim. Farið var í vettvangsferð niður að Ástjörn þar sem nemendur gátu séð og kynnt sér heimkynni fuglanna sem þeir voru búnir að læra um. Í lok verkefnis fengu nemendur tækifæri að ímynda sér hvernig Ástjörn væri ef þar væri komin sumarbústaðarbyggð, hvaða áhrif það hefði á fuglana, fuglalífið og útivistarsvæðið.

Saga frá Lúkasi Ara 6 ára í Tunglheimum

Nemendur áttu að segja frá mynd og úr var þessi líka fína saga um hvernig nota á hættu-merkið sem við í Áslandsskóla erum búnir að innleiða.

Einu sinni var strákur sem var að byrja í skóla og það kom vondur strákur og byrjaði að stríða honum. Hann sagði hættu við hann og hann hætti ekki, svo notaði hann hættu-merkið og hann hætti ekki. Svo hann prófaði hann að ganga í burtu og það virkaði ekki—þá sagði hann frá og það virkaði.



INNTRITUN Í FRAMHALDSSKÓLA

Nú líður að því að nemendur sem eru að ljúka 10.bekk velji sér framhaldsskóla og námsbraut við hæfi. Flestir hafa nú þegar ákveðið hvaða skóla þeir ætla sækja um og hafa gengið frá umsókn sinni, en einhverjir eru ennþá að velta hlutunum fyrir sér. Mikilvægt er að kynna sér námsframboð skólanna vel, inntökuskilyrði á brautirnar, áhugasvið sitt og námsgetu. Lokainnritun stendur nú yfir og lýkur þann 10.júní á miðnætti. Eftir þann tíma lokar kerfið og ekki er hægt að breyta umsóknum.

Námsráðgjafi Áslandsskóla mun vera nemendum innan handar við innritunarferlið ef þeir óska eftir því. Einnig geta forráðamenn sent póst með fyrirspurnum (juliana@aslandsskoli.is) eða pantað viðtal í s. 585-4628.

LJÓÐ UNGA FÓLKSINS - frábær árangur -

Nemendur í mið- og unglिंगadeild sendu margir hverjir inn ljóð í samkeppni undir merkjum Pallar, samstarfshóps um barnamenningu á bókasöfnum.

Keppnin var á landsvísu og alls bárust yfir 900 ljóð í keppnina. Á degi bókarinnar, 23. apríl, lágu úrslit fyrir og Hildur Una Gísladóttir, nemandi í 9.RLS Óðinsheimum, vann í flokki 13 – 15 ára.

Sama dag kom út ljóðabókin Ljóð unga fólksins með um 70 ljóðum og voru 11 nemendur í Áslandsskóla sem eiga ljóð í bókinni.

SIGURLJÓÐIÐ

(ÁN TITILS)

**Þú ert eins og súkkulaðiis,
yndislegur
en samt ekki góður fyrir mig.**

**En ÞÚ ert eins og hlaupabrettið,
ert góður fyrir mig
en alveg hundleiðinlegur.**

höfundur: *Hildur Una Gísladóttir*



Hildur Una



Bókarkápan



Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGODINN

Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri